



# LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200

Umboðsmaður Alþingis,  
Þórshamri,  
Templarasundi 5  
101 Reykjavík.

Reykjavík, 4. mars 2021.  
Tilvísun embættis nr. 202103-0132.

## Efni: Upplýsingabeiðni til lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Vísað er í heimsóknarskýrslur umboðsmanns Alþingis til Lögreglustjórans á Suðurnesjum (hér eftir LSS) frá 27. október 2021 sem framkvæmd var á grundvelli OPCAT-eftirlitsins. Í heimsóknarskýrslunni er þess óskað að umboðsmaður verði upplýstur um viðbrögð LSS eigi síðar en 1. mars 2022.

Um var að ræða tvær skýrslur, annars vegar heimsóknarskýrslu er varðaði fangageymslur LSS og hins vegar heimsóknarskýrslu er varðaði vistun vegna skoðunar á landamærum. Mun LSS sbr. neðangreint fara yfir viðbrögð embættisins við hverri ábendingu og tilmælum sem komu fram í heimsóknarskýrslunum.

### I. Viðbrögð LSS vegna tilmæla og ábendinga settar fram í heimsóknarskýrslu vegnar skoðunar á landamærum

#### Ábending í lið 4.2

##### *Aðbúnaður og aðstæður á gegnumferðarsvæði*

LSS vísar í svör embættisins til umboðsmanns er varðar biðsvæðið á landamærum og tekur undir ábendingu umboðsmanns að aðstæður og aðbúnaður á gegnumferðarsvæði Leifsstöðvar fullnægir ekki kröfum til biðsvæðis fyrir einstaklinga til lengri tíma.

Í „stefnu stjórnvalda í málefnum landamæra 2019-2023“ kemur fram að eitt af stefnumiðuðum aðgerðum stjórnvalda sé að vinna að því að koma upp biðsvæði fyrir einstaklinga sem eru til skoðunar á landamærum eða bíða frávísunar<sup>1</sup>. Embættið bindur miklar vonir við að langtíma úrræði verði komið upp sem fyrst.

Þá getur LSS upplýst að frá mars 2021 hefur embættið haft afnot af 11 hótelherbergjum sem staðsett eru á Hôtel Aurora við Leifsstöð. Einstaklingar sem vistaðir hafa verið til skoðunar á landamærum og bíða frávísunar hafa verið vistaðir þar. Samningur Sjúkratrygginga Íslands um leigu á hótelherbergjunum rann út 1. mars sl. Lögreglustjóri hefur sent dómsmálaráðuneyti erindi um að mikilvægt sé að fundnar verði leiðir á meðan varanlegt úrræði er ekki til staðar, að einstaklingar til skoðunar og sem uppfylla ekki skilyrði komu á landamærum, verði áfram vistaðir á hótelinu við Leifsstöð. Með því móti er áfram hægt að tryggja réttindi, öryggi, aðbúnað og aðstöðu einstaklinga sem eru til skoðunar og þarf að frávísá við komu frá landinu. Þá sendi LSS og ríkislöggreglustjóri þann 23. ágúst 2021 „Greinargerð um mögulegar lausnir til bráðabirgða vegna vistunar einstaklinga sem fá ekki heimild til inngöngu í landið“ til dómsmálaráðuneytisins.

#### Tilmæli í lið 4.3

##### *Vistun einstaklinga i biðklefum*

<sup>1</sup> Sama má sjá í svari íslenskra stjórnvalda til Frontex vegna aðstöðu í Leifsstöð í endurheimsóknarskýrslu árið 2019, sbr. recommendation nr. 31 og 47.



# LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200

Í flestum tilfellum hefur ekki verið þörf á því að vista fólk í biðklefum í Leifsstöð nema í skamman tíma. Á meðan að LSS hefur haft aðstöðu við Leifsstöð sbr. Hótel Aurora sjá svar í lið 4.2 í kafla I að þá mun ekki þurfa að vista einstaklinga í Leifsstöð nema í skamman tíma. Eins og ítrekað hefur komið fram hefur varanlegt biðsvæðisúrræði fyrir einstaklinga sem uppfylla ekki skilyrði komu, líkt og í löndum sem við berum okkur saman við ekki verið komið á en það stendur vonandi til bóta.

Embætti LSS telur rétt að það komi fram að frá 6. mars 2020 hefur enginn einstaklingur verið vistaður í fangageymslum LSS vegna skoðunar á landamærum eða sem hefur formlega verið frávísad við komu til landsins.

## *Sturtuaðstaða*

Aðalvarðstjórum og varðstjórum í Leifsstöð hefur verið uppálagt að benda einstaklingum sem er til skoðunar eða bíða frávísunar á sturtuaðstöðu á gegnumferðarsvæði og möguleika á nýtingu hennar.

## *Framboð af afþreyingarefnni og uppsetning klukku*

Varðandi umrædd tilmæli vill LSS taka fram að flestir einstaklingar sem teknir eru til skoðunar á landamærum eru með síma meðferðis og geta þannig fylgst með tímanum og þá jafnvel náð sér í afþreyingarefnni.

LSS hefur í kjölfar tilmæla umboðsmanns ákveðið að uppfæra og kaupa ný leikföng og föndurvörur fyrir börn sem eru skamma stund í biðklefum ásamt foreldrum sínum.

Þá hefur LSS ákveðið að kaupa veggklukkur og setja upp í biðklefum FLE. Verklok eru áætluð í þessum mánuði.

## *Friðhelgi einkalífs*

LSS leggur áherslu á að gætt sé að friðhelgi einkalífs þeirra einstaklinga sem eru til skoðunar á landamærum eða bíða frávísunar. Meginreglan er að munir einstaklinga sem eru í Leifsstöð til skoðunar eða bíða frávísunar eru ekki fjarlægðir. Slikt er almennt óþarfi þar sem um er að ræða einstaklinga sem uppfylla jafnan ekki formskilyrði komu til landsins og eru ekki sakborningar eða handteknir einstaklingar.

Myndvöktun í biðklefum verður ekki hætt til verndar og tryggingar öryggi einstaklinga en LSS telur rétt að setja upp merkingar með enskum texta og táknumynd um myndavélavöktunina.

## Tilmæli í lið 5

### *Heilbrigðisbjónusta*

Til að ná markmiðum tilmæla umboðsmanns í þessum lið hefur verið notast við verklag vegna handtekinna einstaklinga, sjá frekar verklagsreglur settar vegna fangageymslna sem vísað er í lið 4.3 í kafla II.

Vegna tilmæla umboðsmanns mun LSS uppfæra gátlista vegna frávísana í samræmi við tilmælin. Uppfærsla tilmælanna verður lokið í mars 2022.

LSS vill taka fram að mikil áhersla er lögð á að löggreglumenn séu vakandi fyrir ástandi einstaklinga sem eru til skoðunar eða bíða frávísunar á landamærum. Mörg dæmi eru um að löggregla hafi farið með einstaklinga á heilbrigðisstofnun til að koma einstaklingi undir læknishendur eða jafnvel til að útvega nauðsynleg lyf fyrir einstaklinga.

## Tilmæli í lið 6

### *Upplýsingagjöf*

Embætti LSS tekur undir að rétt sé að það sé tryggt að þeir sem vistast vegna skoðunar á landamærum og frávísunar við komu til landsins fái leiðbeiningar um rétt sinn til þess að hafa samband við fulltrúa heimlands og viðurkennd mannúðar- og mannréttindasamtök í samræmi



## LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200

---

við 1. mgr. 11. gr. útlendingalaga nr. 80/2016. Það frávísunarform sem löggregluembætti landsins notast við er gefið út af Ríkislögreglustjóra. LSS hefur bent Ríkislögreglustjóra á tilmæli umboðsmanns og á ekki von á öðru en að frávísunarformið verði endurútgefið þar sem tekið er tillit til tilmæla liðar 6.



# LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200

## II. Viðbrögð LSS vegna tilmæla og ábendinga settar fram í vegna fangageymslna

### Tilmæli í lið 4.2

#### *Röntgenrannsóknir*

Ávallt er aflað skriflegs samþykkis til röntgenrannsóknar í samræmi við lög um meðferð sakamála nr. 88/2008. Sé ekki fyrir hendi samþykkiseyðublað á tungumáli sem viðkomandi sannanlega skilur er aflað túlkabjónustu.

### Tilmæli í lið 4.3

#### *Munir fjarlægðir*

Verklag var uppfært þann 28. október sl. í samræmi við tilmæli umboðsmanns<sup>2</sup>. Almennt er því hugað að einstaklingsbundnu mati þegar ákvörðun er tekin um hvaða munir eru fjarlægðir og hverjir ekki.

#### *Myndvöktun*

LSS fór yfir og endurskoðaði það verklag hvort að ástæða væri til að láta handtekna einstaklinga eða gæslufanga sæta stöðugri myndvöktun. Grundvallaratriði löggreglu er öryggi og velferð þeirra einstaklinga sem eru í vörslu löggreglu. Eftir að hafa metið álitaefnið á forsendum öryggis og velferðar þeirra einstaklinga sem eru vistaðir í fangageymslum samanborið við þegar engar myndvélar voru í fangahúsi þá var það niðurstaða LSS að það auki öryggi einstaklinga sem eru vistaðir í fangahúsi að sæta myndvöktun.

### Tilmæli í lið 5.2

#### *Uppsetning klukku í fangaklefa*

Embætti LSS telur sig ekki geta bætt úr tilmælum er varðar að sjá hvernig tímanum líður í fangaklefa. Þeir einstaklingar sem dvelja í fangageymslu eru upplýstir um hvað tímanum líður ef þeir spryrja. Embætti LSS mun hins vegar hafa þessi tilmæli til hliðsjónar við þarfagreiningu á nýju húsnæði sem mun m.a. innihalda fangahús.

#### *Oddhvöss horn*

Að mati embættisins eru umrædd horn á steypum bekkjum fangaklefa ekki hvöss. Um er að ræða eitt horn í hverjum klefa. Engin slys hafa orðið, svo vitað sé, í sögu fangahússins er varðar þennan þátt. Embætti LSS mun hins vegar hafa þessi tilmæli til hliðsjónar við þarfagreiningu á nýju húsnæði sem mun m.a. innihalda fangahús.

#### *Stýring á lýsingu*

Embættið telur sig ekki geta bætt úr tilmælum úr þeim þætti er varðar stýringu á lýsinu í fangaklefa. Embætti LSS mun hins vegar hafa þessi tilmæli til hliðsjónar við þarfagreiningu á nýju húsnæði sem mun m.a. innihalda fangahús.

#### *Bjöllukerfi í fangaklefum*

Embætti LSS hefur fengið rafvirkja til að koma á bjöllukerfi í fangaklefum og er unnið að útfærslu á þessum þætti. Því til viðbótar þá er í gangi vinna hjá kerfisstjóra við að nota kortalausn við eftirlit með föngum.

<sup>2</sup> Um er að ræða 1) Verklagsregla, vistun handtekinn manna. 2) Vinnulýsing, vistun handtekinna manna. 3) Leiðbeiningar, fangageymslur LSS. 4) Gátlisti, vistun handtekinna manna. Öll skjöl eru meðfylgjandi svari til umboðsmanns.



# LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200

## *Oddhvassir snagar*

Embættið hefur þegar brugðist við þess tilmælum umboðsmanns er varðar þennan þátt og hefur snoðgunum verið skipt út.

## *Salernis- og sturtuaðstaða*

Búið er að klára allar framkvæmdir á salernis- og sturtuaðstöðu í fangahúsi.

## Tilmæli í lið 5.3

### *Myndvöktun á útisvæði*

Framkvæmdir eru fyrirhugaðar á þessu svæði lögglustöðvarinnar og verður hægt að setja upp nýjar myndavélar þegar þær framkvæmdir eru búnar. Markmiðið er að engir blindpunktar verði í eftirlitskerfinu með hliðsjón af öryggi þeirra sem vistast í fangageymslunni. Áætluð verklok eru þann 15. maí 2022.

## Ábending í lið 6

Fangageymslan í Grindavík hefur verið notuð í einn sólarhring sl. 10 ár og var það vegna framkvæmda í fangahúsini á Hringbraut. Það er skýr afstaða LSS að fangageymslan í Grindavík verði ekki notuð án verulegra breytinga á aðbúnaði sem ekki eru fyrirhugaðar.

## Ábending í lið 7

LSS lætur mönnun tengda fangahúsi ganga fyrir öðrum verkefnum að því leyti er öryggi einstaklinga í fangageymslu og starfsmanna í þeim verkefnum tryggt.

Varðandi mönnun LSS almennt að þá hefur þeim ábendingum verið komið til dómsmálaráðuneytis, síðast á fundi LSS og DMR í febrúar 2022.

## Tilmæli í lið 8.2

### *Heilbrigðispjónusta*

Verklagsreglur vegna handtekinna manna hafa verið yfirlarar og endurútgefnar. Í uppfærðum verklagsreglum hefur verið settur upp gátlisti hvenær eigi að óska eftir lækni í fangahús vegna handtekinna manna. Verklagsreglur ásamt gátlista eru aðgengileg öllum starfsmönnum embættisins á innri vef embættisins.

## Tilmæli í lið 8.3

Miðað við núverandi aðstæður þá hefur embætti LSS ekki möguleika á því að láta vistun aðila sem sætir gæsluvardhaldi vegna innvortismála fara fram undir eftirliti heilbrigðisstarfsmanns. Eftirlitið fer þó fram í nálægð við bráðapjónustu en Heilbrigðisstofnun Suðurnesjum (HSS) er í næplega 600 metra fjarlægð frá fangahúsi. Þá eru aðilar sem eru í haldi vegna innvortis mála undir stöðugu eftirliti löggreglu og algengt að kallað sé til lækni í fangahús eða einstaklingur fluttur á HSS ef minnsti grunur leikur á um að einstaklingur gæti þurft á heilbrigðispjónustu að halda.

## Tilmæli í lið 8.4

### *Sjálfsskaða hegðun*

Í gátlista með verklagsreglum vegna vistunar handtekinna manna er talað um að stöðugt eftirlit skuli haft með einstaklingi í sjálfsvígshættu og ávallt skuli haft samband við lækni reyni vistaður einstaklingur að skaða sig. Af öryggisástæðum getur þurft að grípa til þess úrræðis að taka handtekna einstaklinga í sjálfsvígshættu úr fatnaði sínum vegna hættu á að fatnaður verði notaður til sjálfsskaða. Slík ráðstöfun varir yfirleitt ekki í langan tíma. Embætti LSS hefur ekki komist yfir sértækan fatnað til að nota þegar einstaklingar eru í slíku ástandi en það verður unnið áfram að lausn þess.



# LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustigur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200

## Tilmæli í lið 8.5

*Upplýst um rétt til að fá lækni kallaðan til*

Í 6. gr. upplýsingablaðs handtekinna aðila útgefið af dómsmálaráðuneytinu árið 2013 kemur fram réttur einstaklings til að fá lækni kallaðan til. Einstaklingar í fangageymslum LSS eru upplýstir um þennan rétt.

LSS mun leggja sig fram um að tryggja að fram fari einstaklingsbundið mat á þörf fyrir viðveru lögreglu í læknaviðtolum.

## Tilmæli í lið 9.2

*Kvörtunar- og kæruleiðir*

LSS tekur tilmælin til greina og lögreglumenn verða upplýstir um þá upplýsingagjöf sem nauðsynlegt er að koma á framfæri.

*Upplýsingablað fyrir börn*

LSS mun setja sig í samband við ríkislögreglustjóra til að óska eftir sérstöku upplýsingablaði fyrir börn sem vistast í fangageymslu.

## Tilmæli í lið 9.3

*Upplýsingagjöf handtekinna manna sem ekki eru mæltir á íslensku*

Í gátlista með verklagsreglu vegna vistunar handtekinna manna segir að kynna skuli handteknum einstaklingi efni upplýsingablaðs um réttarstöðuna handtekinna manna og láta viðkomandi undirrita upplýsingablaðið. Handteknum mönnum skal ávallt kynnt ástæða frelsissviptingar og lagalegur réttur þeirra, m.a. með afhendingu á upplýsingablaði fyrir handtekna menn um rétt þeirra á tungumáli sem viðkomandi skilur.

## Tilmæli í lið 10

*Skráning vistunarskýrslna*

Tilmælin hafa verið tekin upp við embættið en inn á skráningu vistunarskýrslna er komið bæði í vinnulýsingu og gátlistum sem fylgja verklagsreglum vegna handtekinna manna frá 28. október 2021.

Lögreglustjórin á Suðurnesjum